

Vestmannaeyjaferjan  
Herjólfur ohf.

Ársreikningur 2022

Vestmannaeyjaferjan  
Herjólfur ohf.  
Básaskersbryggju  
900 Vestmannaeyjum

kt. 420718-1280

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið rekur ferju sem er í ferjusiglingu á milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar / Þorlákshafnar samkvæmt samningi við íslenska ríkið.

Rekstrartekjur félagsins námu 1.900 millj. kr. á árinu 2022 og hækkuðu um 159 millj. kr. milli ára eða um 9,3%. Tap félagsins á árinu 2022 nam 55,7 millj. kr. (2021: Hagnaður 261,5 millj.kr.)

Eigið fé félagsins í árslok nam 200,8 millj.kr (2021:256,5 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 150 millj. kr. Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2023 en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Meginástæða neikvæðrar afkomu félagsins á árinu má rekja til nokkurra liða. Á árinu fór Herjólfur IV í slíptöku sem var mjög kostnaðarsöm. Miklar verðhækkningar á olíu hafði veruleg áhrif á rekstur félagsins auk þess þurfti skipið að sigla oftar til Þorlákshafnar en væntingar stóðu til um vegna óhagstæðra skilyrða við Landeyjahöfn.

Þjónustusamningur um rekstur Herjólfur rennur út í október 2023 og verið er að leita endursamninga, sjá nánar í skýringu 13.


Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 58 (2021: 51). Karlar eru 52% starfsmanna félagsins í árslok en konur 48%. Í stjórn félagsins eru tvær konur og þrír karlar og uppfyllir félagið því ákvæði laga um hlutafélög um kynjahlutföll stjórnarmanna.

Hlutafé félagsins í árslok nam 150,0 millj. kr. eins og í ársbyrjun. Hlutafé er allt í eigu Vestmannaeyjabæjar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfur ohf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2022 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Vestmannaeyjum, 2. maí 2023.

Í stjórn félagsins:

  
Agnó Ólafsdóttir  
Taru  
Rannveig Þstjörd  
Sigrunbergur Árnússon  
Sæunn Magnúsdóttir

Framkvæmdastjóri:

  
Hóður Óni Grétisson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Vestmannaeyjum, 2. maí 2023.

**KPMG ehf.**



# Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlag Ríkissjóðs samningsbundnar tekjur .....		765.789.135	815.758.500
Seld þjónusta .....		985.590.838	811.539.117
Seldar veitingar .....		111.327.104	75.988.953
Aðrar tekjur .....		0	250.000
		<u>1.862.707.077</u>	<u>1.703.536.570</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Kostnaðarverð seldra vara .....		55.634.490	39.006.932
Laun og launatengd gjöld .....	3	884.373.212	698.947.929
Rekstur skips, áhalda og tækja .....		788.608.237	527.667.305
Húsnæðiskostnaður .....		38.551.731	33.370.213
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður .....		127.187.829	103.419.228
Afskriftir .....	5	25.359.579	13.211.378
		<u>1.919.715.078</u>	<u>1.415.622.985</u>
(Rekstrartap) hagnaður .....		( 57.008.001)	287.913.585
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		2.242.049	505.503
Vaxtagjöld .....		( 169.158)	( 93.100)
Gengismunur .....		37.626	( 4.235)
		<u>2.110.517</u>	<u>408.168</u>
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt .....		( 54.897.484)	288.321.753
Tekjuskattur .....	4	( 833.061)	( 26.760.445)
<b>(Tap) hagnaður ársins</b> .....	10	<u>( 55.730.545)</u>	<u>261.561.308</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Eignir</b>			
Óefnislegar eignir .....	6	24.363.384	10.062.248
Rekstrarfjármunir .....	7	134.076.386	11.887.492
Skatteign .....	9	0	1.563.096
Fastafjármunir		<u>158.439.770</u>	<u>23.512.836</u>
Viðskiptakröfur .....		61.487.787	25.143.809
Aðrar skammtímakröfur .....		5.067.222	1.282.174
Handbært fé .....		107.223.901	335.121.137
Veltufjármunir		<u>173.778.910</u>	<u>361.547.120</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>332.218.680</u></u>	<u><u>385.059.956</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		150.000.000	150.000.000
Óráðstafað eigið fé .....		50.820.130	106.550.675
Eigið fé	10	<u>200.820.130</u>	<u>256.550.675</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		68.454.367	56.210.654
Skuldir við tengda aðila .....	12	3.508.651	3.323.350
Skattar ársins .....	9	0	28.323.541
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		22.047.516	5.573.523
Aðrar skammtímaskuldir .....		37.388.016	35.078.213
Skammtímaskuldir		<u>131.398.550</u>	<u>128.509.281</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>332.218.680</u></u>	<u><u>385.059.956</u></u>





# Skýringar

## 1. Félagið

Vestmannaeyjaferjan Herjólfur ohf. ("Félagið") er íslenskt opinbert hlutafélag og er lögheimili þess að Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum. Félagið er dótturfélag Vestmannaeyjabæjar og er ársreikningurinn hluti af samstæðureikningi sveitarfélagsins. Starfsemi félagsins felst í ferjusiglingum milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar/Þorlákshafnar.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum og byggir hann á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er innt af hendi. Framlög frá Ríkissjóði eru færð í samræmi við gildandi samning.

### d. Óefnislegar eignir

Á eignaliðinn óefnislegar eignir er færður kostnaður vegna kaupa á bókunarkerfi, hugbúnaðarleyfum og öðrum óefnislegum eignum sem gjaldfærðar eru á fimm árum.

### e. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Afskriftir reiknast af fastafjármunum þegar þeir hafa verið teknir í notkun. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Innréttingar og skrifstofubúnaður .....	3 - 5 ár
Áhöld og tæki .....	5 ár
Viðhaldsslippur .....	2 ár

### f. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### g. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur samanstanda af seldum ónotuðum farmiðum vegna ferða sem ekki hafa verið farnar.

### h. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 7,3 millj. kr. til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### i. Skatteign

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

## Skýringar frh.:

### 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2022	2021
Laun .....	715.583.941	573.727.114
Dagpeningar og bifreiðastyrkir .....	8.637.250	2.226.200
Lífeyrissjóðsframlög .....	97.241.580	77.398.914
Önnur launatengd gjöld .....	63.971.626	48.258.492
Samtals laun og launatengd gjöld .....	885.434.397	701.610.720
Hlutdeild Vegagerðarinnar í launum og launatengdum gjöldum .....	( 220.425)	( 2.662.791)
Laun í sóttkví, endurgreiðsla frá Ríkissjóði .....	( 840.760)	0
Laun og launatengd gjöld í rekstrarreikningi samtals .....	884.373.212	698.947.929
Fjöldi starfsmanna í árslok .....	66	56
Fjöldi stöðugilda í árslok .....	50	44
Meðal stöðugildi á árinu (ársverk) .....	58	51

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins námu 24,0 millj. kr. á árinu 2022 en þau námu 22,5 millj. kr. á árinu 2021.

### 4. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2022	2021
Tekjuskattur til greiðslu .....	0	( 28.323.541)
Breyting á skatteign .....	11.063.212	( 29.431.951)
Niðurfærsla skatteignar .....	( 11.896.273)	30.995.047
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....	( 833.061)	( 26.760.445)
Virkt skatthlutfall:		
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt .....	( 54.897.484)	288.321.753
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall .....	20,0%	10.979.497 (20,0%)
Ófrádráttarbær kostnaður .....	0,0%	( 3.760) 0,0%
Niðurfærsla skatteignar .....	(21,7%)	( 11.896.273) 10,8%
Breyting á stöðu 1.1 og við álagningu fyrra árs .....	0,2%	87.475 0,0%
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....	(1,5%)	( 833.061) (9,3%)

### 5. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:

	2022	2021
Afskrift óefnislegra eigna .....	4.287.336	4.287.336
Afskrift rekstrarfjármuna .....	21.072.243	8.924.042
	25.359.579	13.211.378

## Skýringar frh.:

### 6. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

Heildarverð 1.1.2021.....	21.436.677
Heildarverð 31.12.2021.....	21.436.677
Fjárfestingar á árinu .....	18.588.472
Heildarverð 31.12.2022.....	40.025.149
Afskrifað 1.1.2021.....	7.087.093
Afskrifað á árinu .....	4.287.336
Afskrifað 31.12.2021.....	11.374.429
Afskrifað á árinu .....	4.287.336
Afskrifað 31.12.2022.....	15.661.765
Bókfært verð 1.1.2021.....	14.349.584
Bókfært verð 31.12.2021.....	10.062.248
Bókfært verð 31.12.2022.....	24.363.384
Afskriftarhlutföll .....	20%

### 7. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Innréttingar og skipsbúnaður	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2021.....	28.365.916	5.602.171	33.968.087
Selt á árinu .....	0	( 2.983.202)	( 2.983.202)
Heildarverð 31.12.2021.....	28.365.916	2.618.969	30.984.885
Fjárfestingar á árinu .....	143.261.137	0	143.261.137
Heildarverð 31.12.2022.....	171.627.053	2.618.969	174.246.022
Afskrifað 1.1.2021.....	9.272.876	1.646.276	10.919.152
Afskrifað á árinu .....	8.400.248	523.794	8.924.042
Afskriftir færðar út .....	0	( 745.800)	( 745.800)
Afskrifað 31.12.2021.....	17.673.124	1.424.270	19.097.394
Afskrifað á árinu .....	20.548.449	523.794	21.072.243
Afskrifað 31.12.2022.....	38.221.573	1.948.064	40.169.637
Bókfært verð 1.1.2021.....	19.093.040	3.955.896	23.048.936
Bókfært verð 31.12.2021.....	10.692.792	1.194.699	11.887.492
Bókfært verð 31.12.2022.....	133.405.480	670.905	134.076.386
Afskriftarhlutföll .....	20 - 33%	20%	

### 8. Vátryggingarverð

Vátryggingaverð búnaðar, áhalda og tækja nam 18,1 millj. kr. í árslok (2021: 17,5 millj. kr).

## Skýringar frh.:

### 9. Skatteign

Reiknuð skatteign félagsins greinist þannig:	2022	2021
Skatteign í ársbyrjun .....	1.563.096	0
Breyting á stöðu 1.1 og við álagningu fyrra árs .....	( 642.560)	0
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	10.975.737	( 57.755.492)
Tekjuskattur til greiðslu .....	0	28.323.541
(Niðurfærsla skatteignar) bakfærð niðurfærsla .....	( 11.896.273)	30.995.047
Skatteign í árslok .....	0	1.563.096

Skatteign félagsins skiptist þannig á einstaka liði:

Rekstrarfjármunir .....	( 1.145.459)	1.505.623
Viðskiptakröfur .....	1.464.540	57.056
Gengismunur .....	( 4.734)	417
Yfirfæranlegt tap .....	11.581.927	0
Skatteign færð niður vegna óvissu um nýtingu .....	( 11.896.273)	0
Skatteign í árslok .....	0	1.563.096

### 10. Eigið fé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 150 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2021 .....	150.000.000	( 155.010.633)	( 5.010.633)
Hagnaður ársins .....		261.561.308	261.561.308
Eigið fé 1.1.2022 .....	150.000.000	106.550.675	256.550.675
Tap ársins .....		( 55.730.545)	( 55.730.545)
Eigið fé 31.12.2022 .....	150.000.000	50.820.130	200.820.130

### 11. Skattamál

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2022, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum, nemur 57,9 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 2022, nýtanlegt til ársins 2032 .....	57.909.635
	57.909.635

## Skýringar frh.:

---

### 12. Tengdir aðilar

#### Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar.

#### Viðskipti við tengda aðila

	2022	2021
<b>Seld þjónusta:</b>		
Hluthafi félagsins .....	956.359	910.396
Félög í eigu stjórnenda .....	0	288.262
	<u>956.359</u>	<u>1.198.658</u>
<b>Kaup á vöru og þjónustu:</b>		
Hluthafi félagsins .....	43.370.180	40.070.585
	<u>43.370.180</u>	<u>40.070.585</u>
<b>Staða:</b>		
Stöður á tengda aðila greinast þannig í árslok:		
<b>Kröfur</b>		
Kröfur á hluthafa .....	20.000	121.800
	<u>20.000</u>	<u>121.800</u>
<b>Skuldir</b>		
Skuld við hluthafa .....	3.508.651	3.323.350
	<u>3.508.651</u>	<u>3.323.350</u>

### 13. Önnur mál

Í febrúar 2021 undirrituðu Vestmannaeyjabær og Vegagerðin, fyrir hönd íslenska ríkisins, nýjan þjónustusamning um ferjusiglingar milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar/Þorlákshafnar sem gildir til október 2023.

Í samningnum er kveðið á um markmið, lagaheimildir og forsendur samnings, ábyrgð aðila, þjónustu, upplýsingar, samskipti og eftirlit, fjármögnun, greiðslutilhögun, vanefndir og meðferð ágreiningsmála, gildistíma og uppgjör fyrir samnings. Fjögur fylgiskjöl eru við samninginn, m.a. um verð og ferðatíðni, leigusamninga, samningur um aðstöðu í Landeyjahöfn og þurrleigusamningur.

Þjónustusamningur um rekstur Herjólfss rennur út í október næstkomandi. Vestmannaeyjabær hefur óskað eftir formlegum viðræðum við innviðaráðherra um endurnýjun og endurskoðun á þjónustusamningi um áframhaldandi rekstur Herjólfss IV.

Rekstrarfjármunir Herjólfss ohf. jukust á árinu vegna slíptöku Herjólfss IV haustið 2022. Um var að ræða mjög kostnaðarsamar viðbætur og lagfæringar, en viðhaldsslippurinn verður afskrifaður á tveimur árum.